82 19. júní **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa Grundarprestakalli til hússbyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að presturinn til Grundarþinga í Eyjafjarðarprófastsdæmi, síra Jónas Jónsson, taki allt að 2000 króna embættislán, sem eigi getur fengizt úr landssjóði, til bygginga íbúðarhúsi á prestssetrinu Hrafnagili með þeirri stærð og því fyrirkomulagi, sem um er rætt í bænarskrá og öðrum skjölum, sem fylgdu áðurnefndu brjefi stiptsyfirvaldanna. Ennfremur er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, *að* lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt, frá lántökudegi að telja, með $^1/_{20}$ lánsins á ári, auk vaxta, *að* sannað verði á fulltryggjandi hátt, að húsið sje að öllu traust og vel vandað, *að* húsið með eldavjel og tveim ofnum að minnsta kosti verði eign prestakallsins, enda mega þá niður falla eptirnefnd hús, er áður fylgdu prestssetrinu: baðstofa, bæjardyr, 2 stofur, eldhús, 4 búrkofar og lítil skemma, *að* presturinn haldi húsinu vátryggðu undir eptirliti prófasts fyrir 2000 krónum að minnsta kosti og, *að* presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Lausn frá embætti og embættisskipun

a. *Lausn frá embætti.*

29. maí var sýslumanni í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeta á Seyðisfirði *Einari Thorlacius*, samkvæmt umsókn, veitt lausn í náð frá umgetnum embættum með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

b. *Embættisskipun.*

25. júní var presti að Hjaltastað síra *Magnúsi Bjarnarsyni* af landshöfðingja veitt *Kirkjubæjarklaustursprestakall* í Vestur-Skaptafellssýslu, samkvæmt kosning safnaðarins, frá fardögum 1896 að telja.

Heiðursmerki.

29. maí voru bændurnir:

Þórður Þórðarson á Rauðkollsstöðum í Hnappadalssýslu,
Árni Jónsson að Þverá í Hallárdal í Húnavatnssýslu og
Ingimundur Eiríksson í Rofabæ í Vestur-Skaptafellssýslu,

allramildilegast sæmdir heiðursmerki dannebrogsmanna.

Óveitt læknishjerað (leiðrjetting).

Í 8. örk B. deildar Stjórnartíðindanna fyrir 1896 hefur misprentazt í auglýsing um óveitt embætti: *9. læknishjeraði* í stað: **7. læknishjeraði.**